

Priðjudaginn 16. maí 1961.

Nr. 158/1960. Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Hraðfrystistöðinni h/f og gagnsök

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Vátrygging fiskiskips. Tjónbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. september 1960 og krefst þess: *Aðallega* að honum verði dæmd sýkna og honum dæmdur málskostnaður úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, *en til vara*, að kröfur gagnáfrýjanda verði niður færðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti niður felldur.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1960 og krafizt staðfestingar hins áfrýjanda dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laga nr. 17/1948 má ekkert skip stunda fiskveiðar, nema það hafi verið skráð á fiskiskipaskrá og fengið fiskiveiðaskírteini.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 61/1947, sbr. 10. gr. laga nr. 103/1952, átti áfrýjandi að tilkynna bataábyrgðarfélagi því, sem tryggir vélbáta á Sauðárkróki, þá er Hellisey, VE 2, 25 rúmlestir að stærð, var seld gagnáfrýjanda hinn 18. október 1956.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 61/1947 skulu allir vélbátaeigendur, sem eiga vélbáta með þilfari, allt að 100 rúmlestir brúttó, skyldir að vátryggja þá hjá vátryggingarfélagi því, sem starfar samkvæmt lögunum innan þess svæðis, sem bátarnir eru skrásettir í. V/b Hellisey hafði verið skráð í Vestmannaeyjum samkvæmt 6. mgr. téðrar 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 110/1949. Sigldi vélbáturinn enn undir nafninu Hellisey, VE 2, þá er honum hlekkist á 16. og 17. janúar

1957, enda þá eigi skráður annars staðar. Samkvæmt þessu, eðli máls og löggjöfnun frá 12. gr. i.f. laga nr. 61/1947 ber að telja váttryggingarábyrgð aðaláfrýjanda í v/b Hellisey hafa haldizt, unz báturinn var skráður af nýju á Sauðárkróki. Var því v/b Hellisey, VE 2, í tryggingu aðaláfrýjanda, þá er vélbátnum hlekkist á. Telja verður, að váttryggingarábyrgð aðaláfrýjanda taki yfir bæði spjöll þau, sem urðu á vélbátnum, er honum hlekkist á, og svo spjöll á honum, er kunna að eiga rót sína að rekja til mistaka starfsmanna við björgun hans.

Með framangreindum athugasemdum ber að staðfesta hér- aðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum og atvikum málsins ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda upp í málskostnað fyrir Hæstarétti kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði gagnáfrýjanda, Hraðfrystistöðinni h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00, að viðlagðri aðförlögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 27. júní 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., hefur Sigurður Sigfússon f. h. Hraðfrystistöðvarinnar h/f, Sauðárkróki, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 22. janúar f. á., gegn Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja til greiðslu tjónbóta, að fjárhæð kr. 50.271.87 auk 7% ársvaxta frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að stefnukrafan verði lækkuð eftir mati dómsins og hvor aðili um sig látinn bera sinn kostnað af málinu.

Málavextir eru þessir:

Með afsali, dags. 18. október 1956, seldu og afsöluðu Fiskiðjan h/f og Hraðfrystistöðin í Vestmannaeyjum stefnanda, Hrað-

frystistöðinni h/f á Sauðárkróki, m/b Hellisey, VE 2, með rá og reiða, vél og öðru tilheyrandi. Afsal þetta var dómtekið til þinglýsingar og innfært hjá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum 19. s. m. Samdægurs voru öll skráningarskjöl bátsins ásamt veðbókarvottorði og endurriti af þinglesnum eignarheimildum og veðböndum send bæjarfógetanum á Sauðárkróki og honum jafnframt tilkynnt, að báturinn væri strikaður út af skipaskrá Vestmannaeyja. Eftir því, sem fyrir liggur, móttók bæjarfógetinn á Sauðárkróki skjöl þessi 26. október 1956, en eigi var báturinn skráður þar fyrr en 12. marz 1957, og hlaut hann skrásetningarnúmerið SK 4.

Að kveldi hins 16. janúar 1957 lá báturinn við fremri álmu hafnargarðsins í höfninni á Sauðárkróki við venjulegar festingar, en þar sem útlit var fyrir hvassviðri, fór maður sá á staðnum, sem í fjarveru skipstjórans hafði eftirlit með bátnum, þá um kvöldið út í hann og bætti grastógum við hinar venjulegu festingar hans og treysti þær eftir föngum. Seint þetta kvöld og aðfaranótt hins 17. janúar gerði afspyrnurok. Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands um veður á Sauðárkróki dagana 16. og 17. janúar 1957 var vindur þar kl. 2300 hinn 16. janúar SSV 9 vindstig og kl. 0200 og 0500 hinn 17. janúar vindur af sömu átt 10 vindstig. Meðan veðurofsinn var mestur, varð ekkert að gert bátnum til bjargar, en þegar fram á morguninn kom, tók veðrið að lægja og fór þá eftirlitsmaður bátsins með menn með sér út á hafnargarðinn til þess að huga að bátnum. Þegar þangað kom, var aðkoman sú, að báturinn hékk hálfsokkinn í festingum sínum við hafnargarðinn. Hafði það, að festingarnar slitnuðu ekki, varnað því, að báturinn sykki alveg, en hann var þilfarsfullur af sjó að aftan og vélin alveg í kafi. Báturinn var síðan dreginn með bifreið upp með hafnargarðinum, þar til hann stóð. Þá þegar voru margir menn settir til að ausa og hreinsa bátinn, og jafnframt var slökkvilið Sauðárkróks fengið til að dæla úr bátnum með véldælu. Unnið var að þessu allan daginn og fram undir miðnætti hinn 17. janúar og einnig næsta dag, og þegar báturinn hafði verið tæmdur, hélzt hann á floti, en dæla þurfti hann oftar en áður.

Í ólátunum við hafnargarðinn um nóttina hafði báturinn brotnað svo mjög, að fullnaðarviðgerð varð ekki framkvæmd á honum nema í dráttarbraut. Á Sauðárkróki var engin dráttarbraut til að taka bátinn í, og var því ætlunin, eftir að bráðabirgðaviðgerð hefði farið fram, að sigla bátnum á eigin vélarafl til

Siglufjarðar til fullnaðarviðgerðar þar. Í þessu skyni var því hafizt handa um hreinsun vélarinnar, sem var tveggja strokka dönsk Grenå-vél, 150—160 hestafla. Fór hreinsunin þannig fram, að fyrst var olíu og sjó dælt út af vélinni, síðan var hún skoluð og þvegin, fyrst úr hráolíu og síðan smurningsolíu. Þetta var endurtekið nokkrum sinnum. Að utan var vélin hreinsuð með tvisti, bleyttum í benzíni. Þegar hreinsuninni var lokið, var smurningsolía sett á vélina og hún undirbúin til gangsetningar á venjulegan hátt. Síðan var vélstjóri fenginn til þess að setja vélina í gang, en hann hafði verið ráðinn til vélstjórnar á bátnum í för hans til Siglufjarðar. Kveðst hann hafa álitnið, eftir að hafa fengið vitneskju um á hvern hátt vélin hafði verið hreinsuð, að óhætt væri að setja hana í gang, enda hafi hann fullvissu að sig um, að vélin var hrein og smurningsolía á henni. Þá hafi hann auk þess handdælt smurningsolíu í gegnum vélina, áður en hann hafi reynt að setja hana í gang. En þegar hann svo hafi ræst vélina, hafi hún aðeins gengið nokkra snúninga, en síðan brotnað og stöðvazt. Eftir það hafi vélin ekki verið hreyfð fyrr en á Siglufirði.

Ljóst var nú orðið, að báturinn komst ekki af eigin rammleik til Siglufjarðar. Fékk stefnandi því m/s Drang frá Akureyri til þess að draga bátinn þangað seint í janúarmánuði. Er báturinn var kominn til Siglufjarðar, voru að tilhlutun stefnanda tveir menn dómkvaddir til þess að meta skemmdir og viðgerðarkostnað á bátnum sjálfum og aðrir tveir til þess að meta skemmdir og viðgerðarkostnað á vél hans.

Samkvæmt matsgerð, dags. 31. janúar 1957, virtu matsmennirnir kostnað við viðgerð bátsins kr. 19.600.00, og er þar með talinn kostnaður við uppsetningu og stöðu hans í dráttarbraut. Þá virtu hinir matsmennirnir samkvæmt matsgerð, dags. 25. febrúar 1957, kostnað við viðgerð á vél bátsins kr. 16.950.00.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að á þeim tíma, sem tjónið á bátnum m/b Hellisey, VE 2, varð, hafi hann verið í váttryggingu (skyldutryggingu) hjá stefnda, og beri honum því sem váttryggjanda að bæta tjónið, en það nemi hinni umstefndu fjárhæð. Hefur stefnandi sundurliðað kröfu sína svo:

1. Kostnaður við að ná bátnum upp kr. 3.485.87
2. Reikningur Agnars Sveinssonar — 1.100.00
3. — Aðalsteins Valdimarssonar — 2.000.00
4. — m/s Drangs — 5.000.00
5. Kostnaður við tvær dómkvaðningar — 336.00

6. Viðgerðarkostnaður á vél eftir mati	— 16.950.00
7. Þóknun til matsmanna	— 600.00
8. Viðgerðarkostnaður á bát eftir mati	— 19.600.00
9. Þóknun til matsmanna	— 1.200.00

Samtals kr. 50.271.87

Kröfu sína um sýknu reisir stefndi á því, að hann hafi á réttum tíma fullnægt öllum skyldum sínum í sambandi við flutning bátsins frá Vestmannaeyjum til Sauðárkróks, og vísar því til stuðnings til þess, sem rakið er hér að framan um sendingu skjala og tilkynninga varðandi bátinn til bæjarfógetans á Sauðárkróki. Hins vegar hafi stefnandi vanrækt að láta skrásetja bátinn á Sauðárkróki fyrr en 12. marz 1957. Telur stefndi sig af þessum ástæðum hafa verið lausan við váttryggingu bátsins þegar haustið 1956. En jafnvel þó að svo yrði litið á, að báturinn hafi verið í váttryggingu hjá honum, þegar tjónið varð, þá hafi það verið sök stefnanda, og því sé fráleitt, að stefnandi geti kafið hann um bætur vegna skemmdanna, sem á bátnum urðu í umrætt skipti. Þá telur stefndi, að stefnandi hafi ekki við neinn að sakast annan en sjálfan sig, ef svo kynni að reynast, að báturinn hafi hvergi verið í tryggingu, er tjónið á honum varð.

Í 12. gr. laga nr. 61 frá 1947, sbr. 10. gr. laga nr. 103 frá 1952, segir, að þegar skip sé flutt á annað tryggingarsvæði, þá skuli eigandi, skrásetningarstjóri og vélbátaábyrgðarfélag tilkynna það váttryggingarfélagi á þeim stað, sem skipið flyzt til, og Samábyrgðinni og að vanræksla á tilkynningu varði sektum. Enn segir, að sömu viðurlögum varði það eiganda, vanræki hann að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Loks segir í greininni, að ábyrgð fyrra félags falli niður, jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

Ákvæði þetta verður ekki skilið öðruvísi en svo, að váttrygging stefnda á m/b Hellisey, VE 2, hafi ekki verið fallin niður, heldur enn í gildi, þegar báturinn varð fyrir tjóninu 17. janúar 1957. Hefur því krafa stefnda um sýknu ekki við rök að styðjast.

Verða nú einstakir kröfuliðir stefnanda teknir til athugunar og í því sambandi varakrafa stefnda um lækkan stefnukröfunnar.

Um 1. Stefnandi hefur lagt fram vinnulista yfir vinnu þeirra manna, sem unnu að því að ná m/b Hellisey upp við hafnar-garðinn, og er kaup þeirra útreiknað á vinnulistunum, og kemur fjárhæð þessi heim við kröfuna undir þessum lið. Eftirlits-

maður bátsins, sem sá um verkið, hefur borið það fyrir dómi, að vinnulistinn sé réttur. Verður því krafan undir þessum lið tekin til greina að fullu.

Um 6. Stefndi heldur því fram, að tjón það, sem á vélinni varð, hafi ekki stafað af því, að báturinn sökk með henni í. Telur hann orsökina til þess, að vélin brotnaði, hafa verið þá, að hún var ræst án þess að hafa fyrst verið tekin í sundur og þurrkuð upp og hreinsuð á réttan hátt. Beri hann því ekki ábyrgð á þessum hluta tjónsins, þó að hann kynni að eiga að bera ábyrgð á því að öðru leyti.

Það er álit hins sérfróða samdómands, að það geti ekki talizt hafa verið óforsvaranlegt að setja vélina í gang, eftir að hún hafði verið hreinsuð með þeim hætti, sem lýst er hér að framan. Vélina hafði ekki verið nema um tvo sólarhringa í sjó, er báturinn náðist upp, og gat því ekki verið byrjuð að ryðga, þegar hún var ræst. Í málinu er ekkert fram komið, sem bendi til þess, að vélina hafi verið gölluð, áður en hún lenti í sjónum með bátinum.

Að þessu athuguðu verður að telja, að skemmdirnar á vélinni séu sennilegar afleiðingar af því, að hún fór í sjóinn, og ber stefndi þá sem váttryggjandi ábyrgð á tjóninu. Verða því framangreind mótmæli hans gegn þessum kröfulið ekki tekin til greina, og hann hefur ekki véfengt fjárhæðina tölulega.

Um 7. Fjárhæðin undir þessum lið er greiðsla til matsmanna þeirra, sem virtu skemmdir á vélinni og kostnað við viðgerð þeirra.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið á þeim grundvelli, að honum hafi verið algerlega óviðkomandi tjónið á vélinni, en af þeirri niðurstöðu, sem komizt er að um 6. lið hér að framan, leiðir, að þessi mótmæli stefnda hafa ekki við rök að styðjast.

Um 2., 3. og 4. Fjárhæðirnar undir þessum liðum eru kaup tveggja manna, er nauðsynlegt þótti að væru á m/b Hellisey við drátt bátsins til Siglufjarðar, og annar kostnaður við för þeirra þangað svo og greiðsla til eigenda m/b Drangs fyrir drátt bátsins til Siglufjarðar.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuliðum á sama grundvelli og greinir undir 7. lið, að honum hafi verið óviðkomandi tjónið á vélinni, en af því hafi leitt nauðsyn þess að draga bátinn til Siglufjarðar.

Með vísan til þeirra sömu raka, sem tilgreind eru undir 7. lið

hér að framan, hafa þessi mótmæli stefnda heldur ekki við rök að styðjast.

Um 5., 8. og 9. Stefndi hefur ekki mótmælt þessum kröfu-liðum sérstaklega, og verða þeir því teknir til greina að fullu.

Auk þeirra mótmæla stefnda, sem hér að framan eru rakin, hefur hann krafist þess, að til frádráttar hinum umstefndu tjónbótum komi 10% þeirra, þar sem umrætt tjón hafi ekki verið váttryggt nema að $\frac{1}{10}$ hlutum, sbr. 9. gr. laga Bataábyrgðarfélagsins, en að $\frac{1}{10}$ hluta hafi tjónið verið í sjálfsábyrgð stefnanda.

Stefnandi hefur mótmælt þessari frádráttarkröfu stefnda á þeim grundvelli, að viðgerðarkostnaður bæði á bát og vél hafi farið langt fram úr mati hinna dómkvöddu manna, þannig að beint tjón hans af því, að m/b Hellisey sökkt, hafi numið rúmlega kr. 55.000.00, og hafi því þegar verið dreginn frá tjónbótunum sá hluti tjónsins, sem sé í sjálfsábyrgð hans.

Eftir því, sem fyrir liggur, eru eigi efni til annars en leggja virðingargerðir hinna dómkvöddu manna til grundvallar um tjón það, sem orðið hafi á bát og vél, þegar m/b Hellisey sökkt. Ber því að taka umrædda lækkunarkröfu stefnda til greina.

Úrslit málsins verða þá samkvæmt framansögðu þau, að stefndi verður dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 50.271.87, að frádregnum kr. 5.027.19, eða kr. 45.244.68 með 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1959 til 22. febrúar 1960, þar eð vaxtahæðinni hefur verið mótmælt sérstaklega, en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, er ákveðst kr. 5.500.00.

Ísleifur Árnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt samdómendunum Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni og Hallgrími Jónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Bataábyrgðarfélag Vestmannaeyja, greiði stefnanda, Hraðfrystistöðinni h/f, kr. 45.244.68 með 6% ársvöxtum frá 22. janúar 1959 til 22. febrúar 1960 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.